



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 24. mars 2026
26033514/502.00 GEF

Efni: Vogatunga 27. Beiðni um undanþágu frá kvöð vegna sölu á fasteign.

Undirritaðri hefur borist erindi, dags. 23. mars. 2026, frá Soffíu Björk Smith, kt. 110470-3719, sem óskar eftir undanþágu frá kvöð í lóðarleigusamningi vegna sölu á fasteigninni að Vogatungu 27a. Á umræddri lóð er kvöð um að íbúðir á svæðinu séu aðeins fyrir 60 ára og eldri, sbr. 19. gr. lóðarleigusamnings um lóðina og óheimilt sé að selja yngra fólki íbúðir á lóðinni, nema til komi sérstakt samþykki bæjarráðs Kópavogs. Við endursölu íbúða skulu þeir sem kaupa hafa náð 60 ára aldri, nema til komi sérstakt skriftlegt samþykki bæjarráðs Kópavogs hverju sinni.

Umrædd fasteign hefur verið í eigu dánarbús foreldra Soffíu frá árinu 2024. Hafa erfingjar gert tilraunir til þess að selja fasteignina frá því í október 2025, án árangurs. Hafa erfingjar nú komist að samkomulagi um að selja Soffíu fasteignina, sem verður 56 ára gömul í apríl 2026 og býr í leiguhúsnæði.

Líkt og að framan greinir er veiting undanþágu frá aldurskvöð háð mati og afgreiðslu bæjarráðs, en meginreglan er sú að túlka undanþágur þröngt. Við mat á því hvort heimila eigi slíka undanþágu er því rétt að líta til aðstæðna hverju sinni og meta hvort sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem kunna að hafa áhrif á niðurstöðu matsins.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

